

Nr. 026/10 Sæunn Eir SH 303***Skipverji slasast við löndun***

Skipaskr.nr. 2166
Smíðaður: Hafnarfjörður 1992, plast
Stærð: 7,7 brl. 7,6 bt.
Mesta lengd: 8,93 m *Skráð lengd:* 8,91 m
Breidd: 3,08 m *Dýpt:* 1,54 m
Vél: Cummins 209 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 2



Sæunn Eir©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. október 2009 var Sæunn Eir SH 303 við bryggju í Ólafsvík.

Verið var að landa úr bátnum þegar brún á kari sem verið var að hífa festist undir brík á lúguopi en við það gekk neðri hluti þess til hliðar og klemmdi bátsverja sem stóð milli þess og lúguopsins. Bátsverjinn fór til læknis aumur og marinn daginn eftir og eitt rif hafði brákast.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjinn taldi ekkert hafa verið að hífingunni sjálfri heldur að aðstæður hafi verið þröngar;
- að bátsverjinn taldi sig hafa getað farið undir þilið eða upp úr lestinni í stað þess að standa í lúguopinu;
- að enginn sérstakur var að segja kranamanni til heldur kölluðust þeir á við hífinguna.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er að bátsverjinn stóð í lúguopinu við hífinguna.